

Rannálfur Stefánsson (Pöfnakennli).

minn hafa verið fæddur á Breunseli (sumilega ríttari Breunsel, af
 Breunum) árið 1830. En líti þetta, svo og fleiri bær, sem mi eru í eydi, í
 Alþáveri, Vestur-Skaftafellssýslu, þ.é. Breunsel, Þjórsuötu, Þjórs-
 vatnaset, allir í Ráidvallakroppi, sem þó náði yfir Alþáver, Skaftár-
 tungu og Sváðalland, og ríttu hún víðlandasta kropps-suði í landinu.
 — Þar var Guinn Guinnsson í Stórnáðs kroppsstjóri, Fuglsmundur
 Guinnsson í Þöfnakennli einnig, og stóðu þeir báðir mjög vel; sumuleiðis
 minna mig á Jón gamla Andriásson í Þjórsuötu/Maustur-Þórður-
 hjálleigu voru kroppsstjóri þar minn langstíð, en hann var „vístíffe-
 snáður“ föður minn allra tíð, og í mæðum þeir náðu saman (Lil 1867) og
 í sjö góða mynd af Jóni gamla og önnu hans. Sjauði gamla Vítulásson
 í Þjórsuötu/Maustri, föður Bjarna Sjauðsmann frá Estífyrdi. Elin, systir
 Rannálfs Stefánssonar var önnu hennar hjó Jóni Andriásson minn langstíð. —

Elsta manntal, sem ég hefi náð í ein Ráidvallakroppi, er frá árinu 1835.
 Það er sejin til minn Rannálf, sem hér verji:

Stefán Egilsson	41	ár,	líandi,
Ólaf Rannálfson	45	ár,	hona hans,
Sigríður	16	—	— barn þeirra,
Steingrímur	13	—	— " —
Rannálfur	5	—	— " —
Ragnheiður	3	—	— " —
Ólaf	2	—	— " —
Þuríður	1	ár	— " —

Elinar, sem er ofan er nefnd, er þar stóli gefid. 7 manna-
 tali 1845 er hún talin 21 ár, og fari verid fædd mák. 1824, og elst þeirra systkina.

Att. 5.

Fedgarinn, Stefán Egilsson og Arnaldur, munu hafa tíð ad Grimstodum, Þjóðavotunum og Sjúkum; en svo hin fyrstnefndu tógi ni á eydi. Ad Austan mun Arnaldur hafa flúi ad Hóldmýri (eda Hóldmýri) undir Eyjaflötum, enda var hann lengstinn heindur við þann 62 og nefndur "Runkli frá Hóldmýri" og síðan jafuframt eda ad öðrum flödi; "Þreif-Runkli". En svo stúd á síðara vidernefni hans, ad hann var nokkruvorkonur "Þóstur", sem hafði það á handi - og tók við upp á þriðjöldum - ad flytja bréf og böggla á milli héraðanna, austan ín Trýsdal, alla leið vestur á Indurnes, jafuvel í Heflavík, Gaud og Hleirum. Einnum voru það verstodvarnar Rottsstadir, Stofuþeyri og Eyraþaletti, allar milli fjórðar ad austan og Flves-ár ad vestan, svo og Þotlárshöfn, Sel ogur Herlisarvík, Grundavík, Hafnir og Stafnes o. fl. verstodvar, en leið hans lá um. - Frá Vík í Trýsdal til Reykja víkur eru um 200 kílómetrar; hér hefir þó verið um einn lengri leið ad róa, einstimm of hann hefir orðid ad fara yfir fjórsá á Króksteyri eda upp offr Flvesi ad Haffeyru eda Langaröðlum í ferjunum fram, of Flves á var offr Öreyrarnesi (med sjávarflödi, is stéidi eda öðrum farartálma).

Þreif-Runkli hafði vitauloga eynar fasta hvednar ferda á öflum og fór sér högt. Stundum hafði hann höst einn til á biddan of fór vel með hann. Sjálfur bar hann þó jafnan þota á baki, til þess ad hlífa Klárum, en um hvortigann þeir var högt ad soji, ad "vel fór á Klárum", hvortí hestinnur né Runkli: Hann bar í bak of fyrri, offr "helsingjaþogga" of var hann midur í midju lóti ad framum of midur í fjóti ad aftan. St hestinnur var oft lélegur reidngur, meldýno of vinkli, en þótt elki fór ávalt vel á, var Klárum jafnan ómeiddur of í góðum holdnum, en það var Þrukli elki: Hann var magur of oft sárlettur.

Það var jafuþótt hryssa, sem hann var stundum mid, a. m. k. síðari árin.

Verstodvar þeir, er áður eru nafnlaus, voru fjöturmannu nýg. Þu eitt skeið þessu l. l. 46 stíps frá Hóllunni,
 28 frá Eyraþallica og 33 frá Þóttalshöfn. Þessu stípa þessu var 10-15 manni, mest magnis sveitavinnu, sem
 jafnan höfðu vaktandi augu í stór hveandi Þrjúfa-Rúmtú föri þar um "da hana" varí con. Lástíri gálf-
 sopt að skrifa út bréf sín í laudlegumum og höfu þar í réidum höndum hveandi sem hann varí að gandi, þó
 þótt eigi föri hann hratt yfir da hafi laupa lövul hár da þar, einu nótt da svo, þá vildi hann eigi teið.
 eftir föri, að bréfin vörí skrifuð meðan hann stóð eíð. Þetta var líta eini þóstrumum, sam langf skeið, sem
 lagdi línd sína matfram sudurofönd landsins. Þrjúfu og bögglaum stíftu hundruðum, þáfaral þrjú hundrum
 í henni fönd og var þá eigi að fundu, þótt manni vildu nota sér þessu auðidaulega og óljúro þótt".
 Það var almennt álitid, að Þrjúfa Rúmtú vörí ólós í skrift. Þóð sam um það var, þá þakkti hann óvalt
 hveit einasta bréf í far augu sínum og þessu elti leugi að leita að hverju þeirri: Hann batþ þar í
 Hríngyfi, hveit og eitt til viðtöðustáðarinn. Þóðdunum batþ hann í ymsu vögu, langsum og þvers-
 um, einu, tvéim, þrem umvöfum. En svo þegar hann tóð til að aðgæna bréfin í hverju Hríngyfi
 fyrir sig, þakkti hann þau í föri, hvernig hann þakði, brotíð þau samum, hvort þau fylldu út í
 umstojin, hvernig og með hvaða lit þau voru lóðkud o.s. fró. Þóðdís þetta að einu í þáð,
 að hann þakði elti jafnald lövul utan í skreiffianar, sem og í hitt, að hann þakði hveit náðvöðum
 vöðum í föri, við hverju hann tóð, hvernig um það var búið og vörí hann í vöfum að þrjúfu
 þau í þessum vög, þóttu "brotin", "brotturnar" og "lökkun" til gæina. En vörí hann í vöfum um
 að þrjúfu bréfin eða bögglaum, lagði hann þau of eíðis í belti og bréid þess, að einhver gæfi
 sig fram og soði vid hann: "Hvað elti með bréf til mín, Rúmtú mín?" Ári var
 þáð svo, að Þrjúfa Rúmtú þakkti flesta sjómum í verstöðunum þessum - þótt höfðu hövð þau
 áðum samum og hann þakkti bréf þeirri og böggla til aðe frá - en bári svo víð, að hann þakkti
 eigi þannu, sem þannig spærði hann um bréf, var hann vöðum að soði: "Það er elti
 ólíklegt að þú eigi eitthvöð herna í förum mínum; en hvöð heitir þú, mæðum mínum?"

"Eg heiti Jón Jónsson frá Heiði."
 "Einu þú þáð. En þér eru mí notkud margir, sem heiti Jón Jónsson, Jónssonar, Jónssonar. En er
 þetta bréf til þín? Eða þó þetta?" - "Ári!" svaraði sá, en hann spærði í.

"Hvar er sá, sem bréfið á?" Efturdi Pauli:
 "Hann er hér í næstu línd. Fædu með það; ég skal stíla því!"
 "Hví, ég þakka þér fyrir; en hvar heitir formáðurinn?"
 "Hann heitir Jón Jónsson" (eða ef. lí.)
 "Já, þá er gott. Og finna hann þá sjálfur!"

+ Þrjá Pauli var fremur hár maður vaxti, mágur niðri og strangalegur, loftinn í herðum, loggjo langur og útskeifur. Hann var ljós á hári og stögg, skarpleitur í andliti, augnum gráindarleg, einn hátt og seipurinn góðmáunlegur, en einardur vel. Hann var jafnan órákður, með óskilypt hári á höfði, ljúflegt, og lagdið það undir um háls og vangur.

Þrjá Pauli var fámátt maður, og jafnvel "fær á mannum" og gat stundum verið ómýgur við fyrsta ávax, en við ódnagóður þó, en til lengdar létu einhverum þá, en hann varð þess var, ed vinstalid laut ad alvarlegum máttum, en elldi um neith, "grin" und hann sjálfan eða um ódnagóð. Þó ad honnum seip, varð hann stjórur til soars og soandi þá vel fyrir sig, "án þess þó ad á honnum heyrðist, ad hann reiddist: Hann hatti þá samstallinn, hatti sig á brott og gaf þeim, en bestljast vilði við hann, aldri þó á því framur ad eiga ódnast ad við sig. Gestulansu gæmmi tók hann vel, en aldrei sá sig hann hlöggja: Hann leit stundum út um dandur, bestli Hauk-víslegu og svo kom stundum dalitid meinslegt og fyrstid soar.

Óvalt var Þrjá Pauli fótgangandi, með notkud snjáda húsu í höfði. Móranda og elli eða þá sjóhætt; þinnan þessil hatti hann um hálsinn og einokrotubum utan yfir ^{þó} stann jafna eða úlpu, sem gróndit var ódnin af elli, en óvifinn og lítill bött. Óþrif hatti hann engin. Hann var í ljóð-leitum baxum og soðnum mótendum, bestum utan yfir baxumal

upps við hnein, með stjaldofnum seltlaböndum, ofðrum með aukinótö.
 Þá stenzlastró hefdi hann í fótum, óbryddada glistalanga, þó hann var
 með fótstótti mörnum; ristarsþvengrir voru í stöðnum. Hann mátti þó hefta
 semiloga til fars, af flakkaru" til, sem sunur fólðu hann vera, en það
 var raugnefni. Þeir, sem reynt höfðu ráðvændis og frimminsta þrefo
 Þrefta og stíldu það, hoesu mikil nauðsynjaværi hann var að vinna í
 annara þarfir, en óeigingjæmt fyrir sjálfan hann, kom ekki til hugar
 að velja honum neitt óverdulegt nafn. Hin domafáa frimminsta hans
 og samvirklausni í öllu völd til þess, að manni höfðu mætt á honum og
 virku hann að verduleikum; þegar hann var von, áttu manni það vís, að
 þar var vinur í fæd, ymist með glediþroguir frá vinnu da ottungjum x d.
 þó eldheit á starbref frá eldþrygu íer mikillif'arlogd; hann var með
 "fréttir að heiman", um vellíðan stöms og barna, manna gýmálleysingja;
 hann var jafuvel með minnulegt, frimadarmál", sem engri aðrir máttu
 vita, og hann átti að þorna með orð sta bref til baka".

Þó eit úr evit, sjólu úr sjólu hafði allt þetta kvilt á heidnum Þrefo -
 Þrefta og í huga hans, þegar hann í sínu löngu leid og oft þorsotttri
 nij og, þá annaði sín seim og löngu stref, þegjandi ely effri ely,
 þrygandi um það eit, að gera steyldu sína: Þegnas t'frír til dauðans.

Semiloga hefi þad veid aldagömul vonja, og í fullu gildi mí fyrir 50-60 á -
 min þar eystra, a. m. h. í Þrástafells-Raugarvalla- og Áruessýstun, að sérhver
 sá, er manni leitudu til um að lána peninga, fenuad, matþjorg da annad, sem
 þeim lá á að fá, en ekki var mist að vísu sei á annan vgg, fólpa þeim mállum
 dauþfoga í fyrstu. Þógi madaurinn nei, var vitanlega eigi högt að þorna að
 þá málí frá áar að þó sínu, en ef hann vildi síma lántveidunni, var

þad veija hennar ad segja, annaðhvort ja eða nei strax eða þetta. Eg heyrir hvar þú segir!" Þetta var loford, sem aldrei broyðist. Viðkomandi láu beidandi meðti heida sig á ad beidni hans yrði tekiu til greina, e. t. v. ekki þegar í stad, en svo fljótt sem mögulegt var ad verda við öst hennar um ad veita honum lánið.

Því líti loford þrjúttu engra stjálfeetingar né konunglepar stadfeetingar í stápnulags stéi lánsins, enda var hit og jafu áreidaulega vís, ad lánsþogi greiddi lánið í tilhelsumum tíma, sem ákoddum var fyrirfram.

Hvernig er þessu vaiað nú? Stjálfeotar stápnulags stéar, jafut þótt klotid hafi konunglega stadfeetingu ~~þá~~ sem þó er brotman og ad enu hefda, jafuvel af ráðherra landsins, og eru uog lövi þessu til somnum, t. d. um lánsargjöfin til almennings þarfa, samþykkt lojfra Alþingi m. m. fl.

Þegar Þrjá Þrústi var beidum ad koma einhverju tilfelli til stila, sagdi hann oftast þetta: "Eg heyrir hvar þú segir!" - Þetta var loford, sem aldrei brost.

Liður fyrri var þad almennings ney somnum fyrri upplýtingu lofordu manna ^{jafuvel} þótt undkomulitill, fátökum föruðlað, hefði eigi áhordnari ood en þetta, þegar hann lofadi einhverju, en nú duga engar konunglepar tilsteigandi eða loj í yrusum tilfellum, svo, ad man geti teitt sig í þar, svo ad vint se. því þad þassar elkur í kranid" ad bryta þvi og milturua þvi innan tilils tína, - séi eða sinum í hof!

Hvad hefi valdid þessari mubreytingu á hugsinum, ordum og at-hofnum manna, í svo stórnunum tína?

Trúleysidásjálfa sig og allt þad, er morum á ad vera og þarf ad vera heilagt og óhoggaulegt! Trúleysid í gnið, réttlelid og samuleikam! Þvilitil trúleysi og vantraust í sjálfum sér eða odum, þekktist ekki meðal almennings þar estra adur fyrri, og Þrjá Þrústi þekki þad heldur ekki. Hann

var sammur Skaffjellingur, sammur Fislaudingur, þótt fátakur um-
 renningur vori; en flakari, fórnleikur óna umrenningur var hann þó eigi
 í þeim skilningi, að hann vori bettari, smýgjulegur óna landeyðumadur;
 hann var féndalanger, sem var, að minna af handi nauðsynlegr fyrir
 nýjastarf, fjöldi manna til ávegju, gagns og gleði.

Þráfa Þrúki lét hvorum þann, er hann var milligöngu-ada hinadar-madur
 fyrir, með bréf óna böggla, um það, hvað hann vildi, þótt hann fyrir það:
 Hann setti aldrei neitt veid í þá vinnu sína. Hitt var hannum nój, að
 hann fæli oftast, og semilega óvalt, óþessis vesturgisting og góðgæddin
 fyrir sig og heot sínu, vori hann þá með nokkurn leot; en áreiðanlegt
 miá telja það, að menn "vili" hannum vel: Stóllinnur aurum, fatoflet óna
 "ádr þú er hannum þess vel." Eindr-ást og góðar þakkin fyrir veitkar vel-
 gjörðin!" var svo hestjann að stólmadi.

+ Míðan og stundadi sjónvörðra í Stóllunni og í Þorláks hofu, frá 1879-1906 bjó þá, leynstunni
 Góða, hji Þjarna sál. bróður minn, og síðan í Stóllunni, þessi aðeins en steinsnar út í alfar-
 vegum meðfram sjávarströndinni.

Það var þó sjálfsgjafir fyrir mig og fleiri ungra manna, að vera í hofunum "þótt Þráfa Þrúki
 var í ferdinni óna hann var von. Hanni hann vortan að, t. d. ír Gíndavík, og vori
 óanstandeð, var sjálfsgjafir að loggi. fyrir hann sómm spurningum fyrir svarid var
 alltaf hið sammur. Spurningin var þessi:

"Eru þeir að fístra í Vékinnu (Gíndavík) núna, Þrúki minn?"

Svarid var óvalt þetta: "Þeir fístra, sem noo."

En vori svo frekar spurt, sem einnig var sjálfsgjafir að
 gæra, t. d. í þessu leidi:

"Fístra hinn þó stólmadi? — Og svarid var:

"Skod gottur þad; - en þeir eru þá lögri í hlutrumum!"

Um fleira var eigi höft að spyrja hann að þessu sinni, því hann hafði þá þroumad svo langt á leiðis í þi. Ítt sem hann hélt, að elsti var mit að nó í hann. En þad, að þeir, sem eigi rónu, vöri "lögri í hlutrumum", en hins, skildum iud svo, að þeirra hlutur vöri í meöta lagi niðfeddu skögi, og þannig umu Runtli sjálfur hafa viljad láta öðkur stúlja þad. Þá st þetta bezt á himu Haukviöloga brosi hans, um leid og hann sagdi þad, og leit útkundan sér. —

Þráddröpaudi handapest gæisadi þar eystra, m. a. í Kaudegjunum og var Runtli beðium að útvoða ungum hund eða hvolp að Holmnum þar í sveit, um leid og hann fór vöstrum um. Þegar hann kom þangad affur í austurleid, hafði hann með sér fallegan hvolp, sem hann hafði fengid í Grindavíki. Vitauöloga var hvolpurinum nefndur "Runtli" og reyndist vel.

Runtli var sjaldan nema eina nótt að sinni á sama bönnum; þó var sú undantekning frá þessu - og hafa seinuöloga veid fleiri - að himu gæsti skundum hvar rötur að Þyktvaböjarhlauötri, hjó Sigurdi Spilavaldssyni og konu hans, enda voru þau honnum göd og gjöful: Einu um gaf kona Sigurðar honnum ymislegt smávegis, en himu vissi að hann var þagadi meöst um, svo sem solkiöplögg, skó og vettlinga.

Einu veigju sinni drögndi konu Sigurðar, að Runtli hönui til sín um nótt og að rímis heimar; fann him þá svo grænuöloga, að hann strykli krepptri hendu sinni um vanga heimar, að him vaktiadi og sá á eftir honnum út úr vöðstöfumum. Him átti elsti von á að hann væri þar og fór him frá á fótum, hlöddi sig í öðryndi og getli út

*) Him hét Rannveig Bjarnadóttir. Um hann hefi ég hegt þetta sögti, Him var öllum gödli.

in bonum, til þess að vita með vissu hverju þetta satti. Þá er
hinn Horn út, sá hinn Þrúta ganga frá bonum og svo langt kom-
inn, að henni þótti eigi gerlegt að kalla til hans, svo að hann
heyrði, enda hatti hinn við það.

Töflum óljum síðar frétti hinn, að Þrúti hefði dáið þessa
nótt, á leið sinni austur, sem síðar verður gefid.

Þrúti var með tvo sta frjá ^{á höfðendi} kvepsta fingur og fann him það
glogett, þá er hann strautu hendi sinni um him hennar og
klappaði henni svo greinilega á höllum, að hinn valnadi óid. —

Einhverju sinni lenti Þrúti í sjávarhásta þar við Sandau,
en varð lejarad. Þegar hann kom upp í sjónum, hafði hann
vannan þóttu undir vinstri hendi og hélt hinni hendi undir
hjálta band fistjarinnu, labbaði síðan heim með hann, sand hann,
og át með góðri lyst.

Þoru sinni þurfti Þrúti að fara yfir stór elfu einu - sem-
lega markarfljót eða Jólubá í Solheimssandi. Samferdamann
hans sá sér eigi fött að reida Þrúta sjálfan yfir ána, en band hon-
um að honna farangri hans yfir um, þoku þeim er hann er. Þetta
vildi Þrúti eigi, nema því að einu að hann kenust sjálfur yfir ána
um leið. Þótt hann því það til bragd - eða þeir báðir - að láta Þrúta
halda í lahl hestsins og það gerdi hann; en eigi voru þeir fyrri
hennar yfir um en Þrúti þreif til farangurs síns, lagdi hann
í herdar sér, eins og áður, því eigi vildi hann láta neinum manni
hafa það til meðferdar, sem honum sjálfum hafði verið friðfyri.
Hér um þó samferdamann hans og sá, en þó hann reiddi yfir ána,
hafa verið hinn trívendugasti, hversum hann var og Þrúti þreif hann öll

Ólafur Þórðarson (f. 4. júlí 1858), var vinnumaður um 19 ára stíðid að Haimsmádarvíl
 hjá Sigurði gamla Árna syri og hantist síðan dóttur hans. Þingjuþau
 að Efstu-Grund undir Eyjafjöllum og síðan að Kottelli í Kottkreppi í Rangjárveit.
 systur, 15 ára á heorunni stáði og e. t. v. víðar. Ólafur var og er einn þóður söng-
 maður og var lengi forsongvari í Kirkjum þar systra. Segir hann, að Arnaldur
 Stefánsson hafi andast að Brúnum, undir Vestur-Eyjafjöllum og verið jafn-
 smyginn að Storoðali í Holtsprestakalli. Þótt Ólafur væri þó búsettur að
 Efstu-Grund, segist hann hafa verið viðstöddur jafn erfor Arnalds, en svo
 stóð á því, að Arnaldur hafi, endur fyrir löngu, biddi Ólaf, að syngja yfir síni
 dauðum, "Sálmurinn, Gud mistunnin mið öllum oss." Sálmur þessi er í Grallarannum
 og einnig í sálmabók þeirri, en notud var áður, en sálmabókinni frá 1886 kom til
 notkunar. Segir Ólafur einnig, að vandhafi notkunar hafi áður verið að ná
 í sálmabókina gömlu og einn meira í því, að ná í Grallarann; hafi þó orðið
 talverð leit að bókinni í börnunum þar í þring; en, loksin hafi þó þó uppi
 heini. Sálmurinn er þannig:

Gud mistunnin mið öllum oss,
 og gefi blessun sína.
 Og láti síns andlitis ljós,
 til lífs eilífs oss skína.
 Svo vilja hans og verðin öll
 í veröld þesskja kynnun,
 og Jesú Krísti Kröftu heill,
 kunnug sé öllum mönnum,
 að gjarnan hlýði hömmu. (hömmu)

— " —
 þér, Guði, lof og þakkaðgiroð,

Þeir heidnu jafnan jati,
 Of fagnis allshyggis föllt í jörð,
 Fagnan sng heyrast láti,
 að þú lönnari ert í jörð,
 illsten lidur því eigi,
 Verud of uppeldi en þitt ord,
 allt fólk styrkir, svo megi,
 ganga í þínum vegi.

— — —
 Þakki þér, Guð, of lofi þíju,
 þitt fólk fyrir þá mildi;
 ávort þar jörð of andgar sju,
 ord þitt en vort uppeldi,
 Guð fadir, son of andi hráinn
 oss tellessi alla samann,
 vegranni hann of öttist einu
 allt manntýnid um heiminu.
 Segjum of hjarta, Amen!

— — —
 Sér. Hjartan Einarsson prófastur að Kolti jafnsöngur Rúnólfur Stefánus sonur
 að Stóradal, einn of áður sögu, hinn 25. september 1901, en Rún-
 ólfur andaðist að Þrínum, sem einnig er áður sagt, hinn 10. s.m.
 Var hann þá í austurleid höðum að summan frá Stejóinu syri
 sinnum, er þá bjó að Vatnsvenda, summan Ellidavatnu. Hafði
 Rúnólfur þá heunt sjúkileika nokkurs, of hafði Stefánus sonur hann
 ord í því við hann, að hann vildi eigi að hann fari þadum fyr en

hann odri hressari ordinn, en morgun einu var Arnaldur farinn
 í baki og í burt þádan, áður en menn þoru kommu í fótum, var
 þetta síðasta ferð hans: Viljad vera brenni undir Eyjafjöllum.

Hann er í dæmiskýrsta sérútgáttu Einarssonar árið 1901
 talinn "70 ára, litheyrandi Reidvallaþessi", hvernig sem í
 þessu stendur, en sem seinlaga ber að stílna svo, að þar hafi
 hann átt framferðsveit, þótt eigi hafi hann átt þar löghéimili;
 en það hafi mér eigi tekið að finna, þótt líklegt sé, að það hafi
 verið að Ysta-Þála í Arnólfsstaðalóku. Þar er hann talinn eigi
 heimili árið 1887 og þá 56 ára. Þótt þessi ártöl 1887 og 1901, svo
 og aldurinn 56 og 70 ár, benda til þess, að fæðingarári hans hafi
 verið 1830 (56. manntalid frá 1835, að hann er talinn 5 ára þá).

Þótt e. t. v. megi segja, að enginn "hér aðstoður" verði við brottför og
 fráfall frá líkum manna, sem Arnaldur Stefánus sonur var, er þó, að minni
 álit, um svo "merkum manni" að ræða, að eigi sé það vassalaust með
 áttu, að láta hans að eigi getið stað liggja óbottan hjó gandi, þótt svo var
 áreiðanlegt líti hans og frímanstra miðil, að þessari, "forru dygdi" hans
 og margra annara góðra fólendinga áður fyrrum, getu verið og öllu að vera
 áttum og óbortum mönnum, odri samloppi, til fyrri myndar.

Óblessid sé minning Arnólfs Stefánssonar!

Reykjavík, 7. júlí 1931 (og viðbætt: 9. ágúst 1938).

J. M. Á. Á. Á.
 J. M. Á. Á. Á.

RUNÓLFUR STEFÁNSSON

- "Bréfa-Runki"-

mun hafa verið fæddur að Brunaseli (sennilega réttara Brúnaseli, af Brúnum) árið 1830. Er býli þetta, svo og fleiri bæir, sem nú eru í eyði, í Álftaveri í Vestur-Skaftafellssýslu, þ.á.m. Grímsstaðir, Ljósuvötn, Ljósuvatnasel, allir í Leiðvallahreppi, sem þá náði yfir Álftaver, Skaftártungu og Meðalland og var þá eitt hið víðlendasta hrepps-svæði á landinu. - Þar var Einar Einarsson á Strönd lengi hreppstjóri, Ingimundur Eiríksson í Rofabæ einnig, og þekkti eg þá bæða mjög vel; sömuleiðis minnir mig, að Jón gamli Andrésson í Þykkvabæjarklausturs-Norðurhjáleigu væri hreppstjóri þar um langt skeið, en hann var "viðskiftamaður" föður míns alla tíð, og á meðan þeir náðu saman (til 1887), og á eg góða mynd af Jóni gamla og vini hans, Sigurði gamla Nikulássyni á Þykkvabæjarklaustri, föður Bjarna Sigurðssonar frá Eskifirði. Elín systir Runólfs Stefánssonar var vinnukona hjá Jóni Andréssyni um langt skeið.

Elzta manntal, sem eg hefi náð í úr Leiðvallahreppi, er frá árinu 1835. Það ár segir til um Runólf, sem hér segir:

Stefán Egilsson	41	árs,	bóndi,
Ólöf Runólfsdóttir	45	ára,	kona hans,
Sigríður	16	"	barn þeirra,
Steingrímur	13	"	- - - -
Runólfur	5	"	- - - -
Ragnheiður	3	"	- - - -
Ólöf	2	"	- - - -
Þuríður	1	"	- - - -

Aths. Elínar, sem að ofan er gættá nefnd, er þar ekki getið. Í manntali 1845 er hún talin 21 árs, og því verið fædd nál. 1824 og elzt þeirra systkina.

Runólfur Stefánsson kvantist (hve nær, er mér ekki kunnugt)

Ingibjörgu Magnúsdóttur frá Orruststöðum á Brunasandi (ekki Brúna-sandi, sem ekki er til, né heldur neinstaðar nefndur, en því nefni eg þetta, að eigi verði villst á Brúna - Brúna-seli og Brunasandi,

svo að hið síðara verði líklegt talið að sé Brúnasandur), en þar þ bjuggu foreldrar Ingibjargar, 1835:

Magnús Einarsson	40 ára,	bóndi,
Þorgerður Björnsd.	29 " ,	kona hans (hin síðari)
Einar	18 " ,	barn
Sigríður	11 " ,	-"-
Gísli	6 " ,	-"-
Björn	5 " ,	-"-
Ingibergur	3 " ,	-"-
<u>Ingibjörg</u>	2 " ,	-"-
Magnus	1 árs	-"-

Magnús Einarsson var tvíkvæntur, og var Þorgerður hin síðari kona hans. Það sámdarorð fór af henni og var víða kunnugt, að hún hafi verið "gestrisin mjög og ekkert amt mátt sjá, án þess að reyna að bæta úr því, hver sem í hluf átti, menn eða málleysingjar." Gísli, sonur þeirra Magnúsar og Þorgerðar, bjó að Rauðabergi, og var hann faðir Gísla silfursmiðs og fyrrv. Austanpósts, sem nú býr í Reykjavík. Orrustustaða-heimilið var talið meðal hinna betri heimila þar eystra, og börnin þar mönnuð vel. - Ingibjörg, kona Runólfs, mun hafa andast á Steinsmýri, hjá Birni nokkrum (bróður sínum ^{mangi}), en hvenær, veit eg ekki. Hafa þau Runólfur og hún þá sennilega verið þætt búskap, og hún flutt austur aftur undan Eyjafjöllum, hafi hún annars fylgt honum þangað, en um það er mér ekki kunnugt, sízt með vissu.

Börn þeirra Runólfs og Ingibjargar voru: Ólöf, Þorgeir, Magnús og Stefán. Magnús Runólfsson var um eitt skeið í Sandvík í Flóa, síðan á Stokkseyri, fæddur 1867. Hann var um langt skeið heilsuþilaður mjög og andaðist hér í Reykjavík - að mig minnir - fyrir nokkrum árum. Hann var ókvæntur og barnlaus. "Mangi Runka" var hann kallaður, og var hann tíður gestur á heimili okkar hjóna hér í Reykjavík, glaður og viðræðugóður, þrátt fyrir hin miklu veikindi hans: gigt og bjóstveiki, svo að hann mátti ekki uppréttur ganga. Eignalaus var hann með öllu. Stefán bróðir hans, fæddur 24. sept. 1869, býr hér í Reykjavík. Kona hans, Guðrún Ásgeirsdóttir (Möller), er nú 75 ára og lasburða mjög. Móðir hennar, kona Ásgeirs Möller, var

Regína Petrína Rist, ^{Móðir} ~~hálfsystir~~ Jóhanns Rist (~~þau sammeðra~~) á Akureyri, föður Lárusar Rist leikfimikennara.- Dóttir þeirra Stefáns og Guðrúnar, Guðmundína Ágústa, er gift Valgarði Stefánssyni frá Fagraskógi.

Sonur þeirra Stefáns og Guðrúnar er Kjartan kaupmaður, sem rekur verzlunina Hlíð hér í bænum, og tók hann við henni af föður sínum, er stofnaði þá verzlun og rak hana um skeið. Stefán Runólfs-son er, eins og Guðrún kona hans, farinn mjög að heilsu. Hún er nú rúmliggjandi, en hann hefir fótavist nokkra; en minni hans er einkum tekið að bila, og hefi eg því lítils stuðnings getað notið hjá honum um föður hans, enda var hann honum sjaldan samvista, því Stefán ólst upp hjá séra Kjartani Jónssyni að ^{Ytri} Eystri-Skógum og síðar að Elliðavatni.

Um þau Ólöfu og Þorgeir er mér ekki kunnugt; en þeir Magnús og Stefán voru fæddir að Grímsstöðum í Álftaveri. Er sú jörð fyrir löngu í eyði lögð.- - -

Annars er mjög óhægt að fá greinilegar upplýsingar um dvalastaði manna þar eystra frá þessum árum, því kirkjubækur þaðan ná ýmist lítið lengra en til 1830, eða að síðan 1857 hafa þar ekki enn borist hingað! Segja mátti, að þá væri hendi næst að spyrja prestana í viðkomandi prestaköllum, en það virðist ekki vera neitt heimatök og ekki leiða til skjótra úrlausna. Fyrirkomulagið á þessu o. fl. þvílíku t.d. viðvíkjandi drukknunum manna, er óhafandi. Væri eigi vanþörf á "breytingu á lögum" í þessu efni.- - -

Feðgarnir, Stefán Egilsson og Runólfur, munu hafa búið að Grímsstöðum, Ljósavötnum og Slýjum; eru tvö hin fyrstnefndu býli nú í eyði. Að austan mun Runólfur hafa flutt að Moldgnúpi (eða Moldmúpi) undir Eyjafjöllum, enda var hann lengst kenndur við þann bæ og nefndur "Runki frá Moldnúpi"; og síðan jafnframt eða að öðrum

þræði "Bréfa-Runki!" En svo stóð á síðara viðurnefni hans, að hann var nokkurskonar "póstur", sem hafði það á hendi - og tók víst upp á því sjálfur - að flytja bréf og böggla milli héraðanna, austan úr Mýrdal alla leið vestur á Suðurnes, jafnvel í Keflavík, Garð og Leiru. Einkum voru það verstöðvarnar Loftsstæðir, Stokkseyri og Eyrarbakki, allar milli Þjórsár að austan og Ölkes-ár að vestan, svo og Þorlákshöfn, Selvogur, Herdísarvík, Grindavík, Hafnir og Stafnes o.fl. verstöðvar, er leið hans lá um. - Frá Vík í Mýrdal til Reykjavíkur eru um 200 kílómetrar; hér hefir því verið um lengri leið að ræða, einkum ef hann hefir orðið að fara yfir Þjórsá á Króksferju eða upp eftir Ölvesi að Kotferju eða Laugardalum á ferjunum þar, ef Ölvesá var ófar í Óseyrarnesi (með sjávarflóði, ísskriði eða öðrum farartálma).

Bréfa-Runki hafði vitanlega engar fast ákveðnar ferðaáætlanir og fór sér hægt. Stundum hafði hann hest einn til áburðar og fór vel með hann.^{x)} Sjálfur bar hann þó jafnan poka á bakinu til þess að hlífa klárnum, en um hvorugan þeirra var hægt að segja, að "vel færi á klárnum", hvorki hestinum né Runka. Hann bar í bak og fyrir, oftast "helsingjabagga", og var hann niður á miðju læri að framan, og niður á þjóí að aftan. Á hestinum var oft lélegur reiðingur, með dýna og virki, en þótt ekki færi ávalt vel á, var klárinn jafnan ómeiddur og í góðum holdum, en það var Runki ekki: Hann var magur og oft sárfattur.

Verstöðvar þar, sem áður eru nefndar, voru fjölmennar mjög. Um eitt skeið gengu t.d. 46 skip frá Stokkseyri, 28 frá Eyrarbakka og 33 frá Þorlákshöfn. Áhöfn skipa þessara var 10 - 15 manns, mest megnis sveitamenn, sem jafnan höfðu vakandi auga á því, "hvenær Bréfa-Runki færi þar um", eða hans væri von. Var þá sjálfsagt að

x) Það var jarpskjótt hryssa, sem hann var stundum með, a.m.k. síðari árin.

skrifa öll bréf sín í landlegunum og hafa þau á reiðum höndum, hvenær sem hann bari að garði, því þótt eigi fari hann hratt yfir eða hefði langa dvöl hér eða þar, eina nótt eða svo, þá vildi hann eigi bíða eftir því, að bréfin væru skrifuð, meðan hann stóð við. Þetta var líka eini pósturinn um langt skeið, sem lagði leið sína meðfram suðusströnd landsins. Bréfin og bögglaþingirnir skiftu hundruðum, jafnvel þúsundum í hverri ferð, og var því eigi að furða, þótt menn vildu nota sér þennan áreiðanlega og ódýra "póst".

Það var almennt álitid, að Bréfa-Runki væri ólæs á skrift. Hvað sem um það var, þá þekkti hann ávalt hvert einasta bréf í farangri sínum og þurfti ekki lengi að leita að hverju þeirra: Hann batt ~~ax~~ þau í knippi, hvert og eitt til viðtökustaðarins. Böndunum batt hann á ýmsa vegu, langsum og þversum, einu, tveim, þrem umvöfum. En svo þegar hann tók til að greina bréfin í hverju knippi fyrir sig, þekkti hann þau á því, hvernig hann hafði brotið þau saman, hvort þau fylltu út í umslögin, hvernig og með hvaða lit þau voru lökkuð o.s.frv. Bendir þetta að vísu á það, að hann hafi ekki getað lesið utanáskriftina, sem og á hitt, að hann hefði haft nákvæmar gætun á því, við hverju hann tók, hvernig um það var búid, og væri hann í vafa um að þekkja þau á þennan veg, komu "brotin", "brettarnar" og "lökkin" til greina. En væri hann enn í vafa um að þekkja bréfin eða böggla, lagði hann þau afsíðis í bili og beið þess, að einhver gæfi sig fram og segði við hann: "Ertu ekki með bréfi til mín, Runki minn?" Nú var það svo, að Runki þekkti flesta sjómenn í verstöðvum þessum - þeir höfðu róid þar árum saman, og hann flutt bréf þeirra og böggla til eða frá, - en bari svo við, að hann þekkti eigi þann, sem þannig spurði hann um bréf, var hann vanur að segja: "Það er ekki ólíklegt, að þú eigir eitthvað hérna í fórum mínum; en hvað heitir þú, maður minn?"

"Eg heiti Jón Jónsson frá Heiði."

"Einmitt það. En þeir eru nú nokkuð margir, sem heita Jón Jónsson, Jónssonar, Jónssonar. En er þetta bréf til þín? Eða þá þetta?" - "Nei." svaraði sá, er hann spurði.

"Hvar er sá, sem bféfið á?" spurði Runki.

"Hann er hér í næstu búð. Fáðu mér það. Eg skal skila því."

"Nei, eg þakka þér fyrir; en hvað heitir formaðurinn?"

"Hann heitir Jón Jónsson," (eða N. N.)

"Jæja, það er gott. Eg finn han þá sjálfur!"

Bréfa-Runki var fremur hár maður vexti, magur mjög og krangalegur, lotinn í herðum, leggjalangur og útskeifur. Hann var ljós á hár og skegg, skarpleitur í andliti, augun greindarleg, ennið hátt, og svipurinn góðmannlegur, en einarður vel. Hann var jafnan órakaður, með óklippt hár á höfði, og lagðist það niður um háls og vanga.

Bréfa-Runki var fámáll maður, jafnvel "þurr á manninn" og gat stundum verið öflugur við fyrsta ávarp, en viðræðugóður þó, er til lengdar lét, einkum þá er hann varð þess var, að viðtalið laut að alvarlegum málum, en ekki um neitt "grín" við hann sjálfan eða umræðuefnið. Væri að honum sveigt, var hann skjóttur til svars og "svaraði þá vel fyrir sig", án þess þó að á honum heyrðist eða sást, að hann reiddist: Hann hatti þá samtalinu, hafði sig á brott og gaf þeim, er þekkjast vildi við hann, aldrei færi á því framur að eiga orðastað við sig. Graskulausu gamni tók hann vel, en aldrei sá eg hann hlæja: Hann leit stundum útundan sér, brósti kankvíslega, og svo kom stundum dálítið meinlegt og fyndið svar.

Ávalt var Bréfa-Runki fótgangandi, með nokkuð snjáða húfu á höfði mórauða af elli eða þá sjóhatt; þunnan trefið hafði hann um hálsinn og einskeptu-buru utan yfir svörtum jakka eða úlpu, sem grænleit var orðin af elði, en ófifin og lítt bätt. Óþrif hafði hann engin. Hann var í ljósleitum buxum og sokkum ^{mórenndum,} ~~mórenndum,~~ utan

brettum utan yfir buxurnar upp við hnén, með spjaldofnum sokkaböndum, vöfðum neðan hnésbóta. Íslenzka skó hafði hann á fótum, óbryddaða og leistalanga, því hann var með fótstærri mönnum; ristarpvengir voru í skónum. Hann mátti því heita samilega til fara, af "flakkara" til, sem sumir töldu hann vera, en það var rangnefni. Þeir, sem reynt höfðu ráðvendni og trúmennsku Bréfa-Runka og skildu það, hversu mikið nauðsynjaverk hann var að vinna í annara þarfir, en óeigingjarnt fyrir sjálfan hann, kom ekki til hugar að velja honum neitt óvirðulegt nafn. Hin dæmefáa trúmennska hans og samvizkusemi í öllu varð til þess, að menn höfðu mætur á honum og virtu hann að verðleikum: Þegar hans var von, áttu menn það víst, að þar var vinur á ferð, ýmist með gæðingjum gleðifregnir frá vinum eða ættingjum eða þá eldheitt ástarbréf frá elskhuga úr mikilli fjarlægð; hann var með "fréttir að heiman", um vellíðan konu og barna, manna og málleysingja; hann var jafnvel með munnlegt "trúnaðarmál", sem engir aðrir máttu vita, og hann átti að "koma með orð eða bréf til baka."

Sveit úr sveit, sýslu úr sýslu hafði allt þetta hvílt á herðum Bréfa-Runka og í huga hans, þegar hann á sinni löngu leið og oft torstótri mjög þrappaði sín seinu og löngu skref, þegjandi dag eftir dag, hugsandi um það eitt að gera skyldu sína: Reynast trúr til dauðans.-

Sennilega hefir það verið aldagömul venja, og í fullu gildi nú fyrir 50-60 árum þar eystra, a.m.k. í Skaftafells- Rangárvalla- og Árnessýslum, að sérhver sá, er menn leituðu til um að lána peninga, fénað, matbjörg eða annað, sem þeim lá á að fá, en ekki var unnt að veita sér á annan veg, tók þeim málum dauflega í fyrstu. Segði maðurinn nei, var vitanlega eigi hægt að koma að því máli frekar að því sinni, en ef hann vildi sinna lánbeiðninni, var það venja hans að segja þannhvort já við því strax eða þetta: "Eg heyri, hvað þú segir!" Þetta voru lofbröð, sem aldrei brugðust. Viðkomandi lánbeiðandi mátti reiða

sóg á, að beiðni hans yrði tekin til greina, e. t. v. ekki þegar í stað, en svo fljótt sem mögulegt var að verða við ósk hans um að veita honum lánið. Þvílík loforð þurftu engrar skjalfestingar né konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá lánsins, enda var hitt og jafnáreiðanlega víst, að lánþegi greiddi lánið á tilteknum tíma, sem ákveðinn var fyrirfram.

Hvernig er þessu varið nú? Skjalfestar skipulagsskrár, jafnt þótt hþotið hafi konunglega staðfestingu, eru þverbrotnar og að engu hafðar, jafnvel af ráðherrum landsins, og eru næg dæmi þessu til sönnunar, t. d. um dánargjafir til almenningsþarfa, samþykkt lög frá Alþingi m. m. fl.

Þegar Bréfa-Runki var beðinn að koma einhverju lítilræði til skila, sagði hann oftast þetta: "Eg heyri, hvað þú segir!" - Þetta var loforð, sem aldrei brást.

Áður fyrrum var það almenningi næg sönnun fyrir uppfyllingu loforða manna, jafnvel þótt umkomulítil, fátækur förukari hefði eigi ákveðnari orð en þetta, þegar hann lofaði einhverju; en nú duga engar konunglegar tilskipanir eða lög í ýmsum tilfellum, svo að menn geti reitt sig á þær, svo að öruggt sé. Því það "passar betur í kramið" að breyta því og umturna því innan lítils tíma, - sér eða sínum í hag!

Hvað hefir valdið þessari umbreytingu á hugsunum, orðum og athöfnum manna, á svo skömmum tíma?

Trúleysið á sjálfan sig og allt það, er mönnum á að vera og þarf að vera heilagt og óhagganlegt! Trúleysið á guð, réttlætið og sannleikann! Þvílíkt trúleysi og vantraust á sjálfum sér eða öðrum þekktist ekki meðal almennings þar eystra áður fyrrum, og Bréfa-Runki þekkti það heldur ekki. Hann var sannur Skautfellingur, sannur Íslendingur, þótt fátækur umrenningur væri; en flakkari, förukarl eða umrenningur var hann þó eigi í þeim skilningi, að hann væri

betlari, snýkjudýr eða landeyðumaður; hann var ferðalangur, sem var að inna af hendi nauðsynlegt þjóðnytjastarf, fjölda manna til ánægju, gagns og gleði.

Bréfa-Runki lét hvern þann, er hann var milligöngu- eða trúnaðarmaður fyrir með bréf eða böggla, um það, hvað hann vildi "þægja" honum fyrir það: Hann setti aldrei neitt verð á þá vinnu sína. Hitt var honum nóg, að hann fékk oftast, og sennilega ávalt, ókeypis ~~vatn~~ næturgistingu og góðgerðir fyrir sig og hest sinn, væri hann þá með nokkurn hest; en áreiðanlegt má telja það, að menn "viku" honum vel: Nokkrum aurum, fataflík eða öðru því, er honum kom vel.- "Guðs-ást og góðar þakkir fyrir veittar velgerðir!" var svo kveðjan að skilnaði.

- - -? - - -

Meðan eg stundaði sjóróðra á Stokkseyri og í Þorlákshöfn, frá 1879 - 1902, bjó eg þar, lengstum í Götu, hjá Bjarna sál. bróður mínum, og síðar á Stokkseyri, sem aðeins er steinsnar út á alfarveginn meðfræm sjávarströndinni.

Það var því sjálfsagt fyrir mig og fleiri unga menn að vera "á höttunum", þegar Bréfa-Runki var á ferðinni, eða hans var von. Kæmi hann vestan að, t.d. úr Grindavík, og væri á austurleið, var sjálfsagt að leggja fyrir hann sömu spurninguna, því svarið var alltaf hið sama. Spurningin var þessi:

"Eru þeir að fiska í Víkinni mína, Runki minn?"

Svarið var ávalt þetta: "Þeir fiska, sem róa!"

En væri svo frekar spurt, sem einnig var sjálfsagt að gera, t.d. á þessa leið:

"Fiska hinir þá ekkert?" - Og svarið var: "Skeð getur það; en þeir eru þá lagri í hlutnum!"

Um fleira var eigi hægt að spyrja hann að þessu sinni, því hann hafði þá þrannað svo langt áleiðis í þá átt, sem hann hélt, að ekki var unnt að ná í hann. En það, að þeir, sem eigi réru, væri "lagri í

hlutnum" en hinir, skildum við svo, að þeirra hlutur væri í mesta lagi nýfæddur krógi, og þannig mun Runki sjálfur hafa viljað láta okkur skilja það. Sást þetta best á hinu kankvíslega brosi hans, um leið og hann sagði það, og leit út undan sér.-

Bráðdrepani hundapest geisaði þar eystra, m.a. í Landeyjum, og var Runki beðinn að útvega ungan hund eða hvolp að Hólmmum þar í sveit, um leið og hann fór vestur um. Þegar hann kom ^{þangað} áftur í austurleið, hafði hann með sér fallegan hvolp, sem hann hafði fengið í Grindavík. Vitanlega var hvolpurinn nefndur "Runki" og reyndist vel.

Runólfur var sjaldan nema eina nótt að sinni á sama bænum; þó var sú undantekning frá þessu - og hafa sennilega verið fleiri - að hann gisti stundum tvær nætur að Þykkabæjarklaustri, hjá Sigurði Nikulássyni og konu hans, ^{x)} enda voru þau honum góð og gjöful. Einkum gaf kona Sigurðar honum ýmislegt smávegis, er hún vissi, að hann vanhagaði mest um, svo sem sokkaplögg, skó og vettlinga.

Einhverju sinni dreymdi konu Sigurðar, að Runki kæmi til hennar um nótt og að rúmá hennar; fann hún þá svo greinilega, að hann strýki krepptri hendi sinni um vanga hennar, að hún vaknaði og sá á eftir honum út úr baðstofunni. Hún átti ekki von á, að hann væri þar, og fór hún því á fætur, kladdi sig í skyndi og gekk út úr bænum til þess að vita með vissu, hverju þetta sætti. Þá er hún kom út, sá hún Runka ganga frá bænum og svo langt kominn, að henni þótti eigi gerlegt að kalla til hans, svo að hann heyrði, enda hætti hún við það.

Nokkrum dögum síðar frétti hún, að Runki hefði dáið þessa nótt, á ~~hækk~~ ^{leið} sinni austur, sem síðar verður getið.

Runki var með tvo eða þrjá kreppta fingur á hægri hendi, og fann hún það glögg, þá er hann strauk hendi sinni um kinn hennar og klappaði henni svo greinilega á kollinn, að hún vaknaði við.-

x) Hún hét Rannveig Bjarnadóttir. Um hana hefi eg heyrt þetta sagt:
"Hún var öllum góð."

Einhverju sinni lenti Runki í sjávarháaska þar við sandana, en varð bjargað. Þegar hann kom upp úr sjónum, hafði hann vanan þorsk undir vinstri hendi og hélt hinni hendi undir kjálkabarö fiskjarins, labbaði síðan heim með hann, sauð hann og át með góðri lyst.

Öðru sinni þurfti Runki að fara yfir stór-elfu eina - sennilega Markarfljót eða Jökulsá á Sólheimasandi. Samferðamaður hans sá sér eigi fært að reiða Runka sjálfan yfir ána, en bauð honum að koma farangri hans yfir um, þoka þeim, er hann bar. Þetta vildi Runki eigi nema því aðeins, að hann kæmist sjálfur yfir ána um leið. Tók hann því það til bragðs - eða þeir báðir - að láta Runka halda í tagl hestsins, og það gerði hann; en eigi vóru þeir fyrri komir yfir, um, en Runki þreif til farangurs síns, lagði hann á herðar sér, eins og áður, því eigi vildi hann láta neinn mann hafa það til meðferðar, sem honum sjálfum hafði verið trúað fyrir. Hér mun þó samferðamaður hans og sá, er þokann reiddi yfir ána, hafa verið hinn trúverðugasti, hver sem hann var, og Runki þekkt hann vel.

Ólafur Þórðarson (f. 4. júlí 1858) var vinnumaður um 19 ára skeið hjá Sigurði gamla Árnasyni að Steinmóðarbæ og kvæntist síðar dóttur hans. Þjuggu þau að Efstu Grund undir Eyjafjöllum og síðar að Kotvelli í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, 15 ár á hvorum stað og e. t. v. víðar. Ólafur var og er enn góður söngmaður og var lengi forsöngvari í kirkjum þar eystra. Segir hann, að Runólfur Stefánsson hafi andast að Brúnum, undir Vestur-Eyjafjöllum og verið jarðsönginn að Stóra-Dali í Holts prestakalli. Þótt Ólafur væri þá búsettur að Efstu-Grund, segist hann hafa verið viðstaddur jarðarför Runólfs, en svo stóð á því, að Runólfur hafði, endur fyrir löngu, beðið Ólaf "að syngja yfir sér dauðum" sálminn "Guð miskunni nú öllum oss". Sálmur þessi er í Grallaranum og einnig í sálmabók þeirri, er notuð var áður, en sálmabókin frá 1886 kom til notkunar.

Segir Ólafur ennfremur, að vandhafi nokkurt hafi á því verið að ná í sálmabókina gömlu, og enn meiri á því að ná í Grallarann; hafi því orðið talsverð leit að bókinni á bæjunum þar í kring; en loksins hafðist þó upp á henni. Sálmurinn er þannig:

Guð miskunni nú öllum oss, / og gefi blessun sína.
Og láti síns andlitis ljós / til lífs eilífs oss skína.
Svo vilja hans og verkin öll / í veröld þekkja kynnum,
og Jesú Kristí kröftug heill / kunnug sé öllum mönnum,
að gjarnan hlýði honum (hönum).

Þér, Guði, lof og þakkargjörð, / þeir heiðnu jafnan játi.
Og fagni alls kyns fólk á jörð, / fagran söng heyrast láti,
að þú dómari ert á jörð, / illsku líður því eigi,
Vernd og uppeldi er þitt orð, / allt fólk styrkir, svo megi
ganga á þínum vegi.

Þakki þér, Guð, og lofi þig, / þitt fólk fyrir þá mildi;
ávoxt ber jörð og auðgar sig, / orð þitt er vort uppeldi.
Guð faðir, son og andi hreinn / oss blessi alla saman,
vegsami hann og óttist einn / allt mannkynið um heiminn.
Segjum af hjarta, Amen!

Séra Kjartan Einarsson prófastur að Holti jarðsöng Runólf Stefánsson að Stóradal, eins og áður er sagt segir, hinn 25. september 1901, en Runólfur andaðist að Brúnum, sem einnig er áður sagt, hinn 10. s.m. Var hann þá á austurleið hégan að sunnan frá Stefáni syni sínum, er þá bjó að Vatnsenda, sunnan Elliðavatns. Hafði Runólfur þá kennt sjúkleika nokkurs, og hafði Stefán sonur hans orð á því við hann, að hann vildi eigi, að hann færi þaðan, fyrr en hann væri hressari orðinn; en morgunn einn var Runólfur farinn á bak og burt þaðan, áður en menn vóru komnir á fatur, og var þetta síðasta ferð hans: Viljað bera beinin undir Eyjafjöllum.

Hann er á dánarskýrslu séra Kjartans Einarssonar árið 1901 talinn "70 ára, tilheyrandi Leiðvallahreppi," hvernig sem á þessu stendur, en sem sennilega ber að skilja svo, að þar hafi hann átt framfærslusveit, þótt eigi hafi hann átt þar lögheimili; en það hefir mér eigi tekist að finna, þótt líklegt sé, að það hafi verið að Yzta-Skála í Ásólfsskálasókn. Þar er hann talinn eiga heimili 1887 og þá 57 ára. Bæði þessi árstöl 1887 og 1901, svo og aldurinn 56 og

70 ár, benda til þess, að fæðingarár hans hafi verið 1830 (sbr. manntalið frá 1835, að hann er talinn 5 ára þá).

- - -:- - -

Þótt ef til vill megi segja, að enginn "héraðsbrestur" verði við brottför og fráfall þvítíkra manna, sem Runólfur Stefánsson var, er þó, að mínu álitni, um svo "merkan mann" að ræða, að eigi sé það vansælaust með öllu að láta hans að engu getið eða liggja óbættan hjá garði, því svo var áreiðanlegleiki hans og trúmennska mikil, að þessar "fornu dyggðir" hans og margra annara góðra Íslendinga áður fyrrum, gætu verið og ættu að vera ölnum og óbornum mömum, æðri sem lægri, til fyrirmyndar.

Blessuð sé minning Runólfs Stefánssonar!

Reykjavík, 7. júlí 1931 (og viðbætt: 9. ágúst 1938).

Höfundur hefir áskilið sér
öll réttindi til frekari
birtingar.

Reykjavík 25/8. '38

Helgi Dalrysson